

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Fundargerð 105. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 12. febrúar 2016 Haldinn í Bolungarvík kl. 15:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Kristján G. Jóakimsson, í síma var Jón Hörður Elíasson

Dagskrá:

1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2015
2. Gjaldskrá 2016
3. sveitarfélög samþykktir og gjaldskrár
4. Skipulagsstofnun
5. Umhverfisstofnun
6. Matvælastofnun
7. Lagabreytingar
8. Úr eftirliti
9. Starfsleyfi fyrirtækja
10. Tóbaksöluleyfi
11. Tækifærisleyfi
12. Önnur mál
13. Fundadagsetningar tillaga.

Dagskrá

1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2015.

- Heilbrigðisfulltrúi kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2015. Heildar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 32.769.490 Eftirlitsgjöld voru kr. 19.890.800. Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir þeim liðum sem voru umfram áætlun. Heilbrigðisnefndin fjallaði um ársreikninginn og var hann samþykktur.

2. Gjaldskrá 2016.

- Framkvæmdastjóri lagði til að gjaldskrá verði hækkuð um 4,5 %. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum og hinsvegar tímagjald. Heilbrigðisnefnd leggur til að gjald vegna sýna verði kr. 15.607 og tímagjald verði kr. 11.485 Gjaldskráin hefur verið kynnt í sveitarstjórnnum og verður nú send til birtingar í stjórnartíðindum.

3. Sveitarfélög samþykktir og gjaldskrár

- Heilbrigðisnefnd fjallaði um framlagðar samþykktir sveitarfélaga og samþykkir.
- Reykhólahreppur samþykkt um meðhöndlun úrgangs
- Reykhólahreppur samþykkt um fráveitu
- Reykhólahreppur samþykkt um hunda og kattahald.
- Gjaldskrár fyrir 2016 Reykhólahreppur fyrir vatnsveitu, fráveitu og meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi. Heilbrigðisnefnd fjallaði um gjaldskrár Reykhólahrepps og samþykkir.
- Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð 2016. Heilbrigðisnefnd fjallar um og samþykkir.
- Bolungarvík gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu. Heilbrigðisnefnd fjallar um og samþykkir .

4. Skipulagsstofnun

- Kynnt ákvörðun um matsskyldu Allt að 800 tonna ársframleiðsla á lax- og regnbogasilungsseiðum í seiðaeldisstöð Háfell ehf á Nauteyri Strandabyggð ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki matsskyld.

5. Umhverfisstofnun, bréf til kynningar

- Framsal rekstrarleyfis Norðurbotni Tálknafirði-
- Hollustuháttahópur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga skipun í hollustuháttahóp. m.a. “spurning um græna leikskóla sem vilja nota margnota handklæði. Niðurstaða, ef notast á við handklæði skulu það vera einnota handþurrkur úr handklæðaefni.”
- Fundargerð Hollustuháttahóps 19.1 2016
- Fundargerð samráðshóps UST og HES.
- Varðandi reglubundið eftirlit árið 2015, hjá Dýrfiski hf. Ísafjarðardjúpi.
- Erindisbréf Hlynur í umhverfisgæðahópi
- Ósk um Stöðuskýrslur heilbrigðisnefnda um förgun skólps og seyru fyrir árið 2014
- Dekkjakurl á gervigrasvöllum staða mála hjá Umhverfisstofnun.

6. Matvælastofnun, bréf til kynningar

- Fundargerð matvælahóps 26.11 2016
- Fræðslufundur 20.1 2016 um innleiðingu á breytinga á eftirlitskerfi
- Matvælastofnun: Eldhúsáhöld frá Kína undir smásjanni
- Framleiðslugalli í graflaxsósu frá Ora, Innköllun
- Meðhöndlun matvæla í eldhúsinu um jólin, leiðbeiningar.
- Matvælastofnun: Nýjustu lög og reglur
- Mælingar á transítusýrum í matvælum
- Sjúkdómsvaldandi listería greindist ekki í sýnum af reyktum og gröfnum fiski og ýmsum áleggstegundum.
- Umræða um skordýr og nýfæði

7. Eftirlit, Umsagnir og umræður um breytingu á lögum nr. 7/1998

- Fundargerð samráðshóps UST og HES.
- Umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi SHÍ um drög að frumvarpi um breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Umsögn SÍS um br. á l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Fundargerð SHÍ 1. febrúar 2016
- Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur – frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 (losun frá iðnaði ofl.)
- Minnispointar frá fundi með UAR og SHÍ 3. febrúar 2016
- **Heilbrigðisnefnd ákveður að senda inn meðfylgjandi umsögn um breytingu á lögum nr 7/1998.**

• **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998.** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur kynnt sér drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og umsögn SHÍ um frumvarpsdrögin sem stendur til að leggja fram á Alþingi á 145. löggjafarþingi með gildistöku frá og með 1. júlí 2016.

Í inngangi kemur fram að megingtilefni frumvarpsins sé innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun frá iðnaði en lögð til ein breyting hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda „en það er breyting á starfsleyfisútgáfu“ Við lestur frumvarpsdraganna kemur síðan í ljós að

kollvarpa á því kerfi sem unnið er eftir í dag, verkaskipting Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda verður enn óljósari og innleiðing tilkipunar virðist algjört aukaatriði. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem hafa mikil áhrif á stöðu heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefnda. Tillagan felur í sér breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, starfsleyfisskyldu verði breytt í skráningarskyldu.

Frá því Umhverfisstofnun varð til og síðar Matvælastofnun hefur sífellt verið kroppað í þau verkefni sem heilbrigðisnefndum er ætlað að sinna. Svo nefnd séu örfá dæmi: Eftirlit með leikvallatækjum færðist til skoðunarstofa 2005 með reglugerðarbreytingu. Allt matvæla eftirlit og umsýsla með kjötvinnslum og mjólkurstöðvum færðist frá heilbrigðiseftirliti við stofnun matvælastofnunar 2008, heilbrigðiseftirlitið var áfram með mengunareftirlit. Við setningu efnalaga 2013 fluttist eftirlit með efnavöru til Umhverfisstofnunar og með lögum um fiskeldi fór allt eftirlit með fiskeldi yfir til Umhverfisstofnunar með kvöð um framsal til Matvælastofnunar. Þrátt fyrir að á þessum tíma hafi það alltaf verið yfirlýst stefna stjórnvalda að færa verkefni til sveitarfélaga.

Fækkun starfsleyfa með því að breyta um nafn á þeim þ.e. skráning en ekki starfsleyfi breytir engu um þá vinnu sem þarf að vinna við útgáfu eða staðfestingu. Það þarf að kanna hvort starfsemi samrýmis skipulagi, hver er skráður eigandi fasteignar, kröfur um búnað sem þarf að vera til staðar nöfn, kennitölur fyrirtækis og ábyrgðamanns og hvernig hægt er að hafa upp á viðkomandi ef eitthvað kemur uppá. Það er sama vinnan hvort sem afurðin heitir í restina starfsleyfi eða skráning. Samkvæmt frumvarpsdrögum er hlutverk heilbrigðisnefnda skert og verkefni færð til Umhverfisstofnunar í átt aukinnar miðstýringar. Miðstýring er einfaldur flutningur starfa á einn stað. Nær undantekningarlaust frá landsbyggð til höfuðborgar.

Heilbrigðisnefnd áréttar mikilvægi þess að tryggja góða nærþjónustu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um land allt og hvetur til varúðar við breytingum á þeim lögum sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga byggir á. Tryggt verði að þeir sem um lögin fjalla geri það með markmið laganna í huga að búa öllum landsmönnum heilnæm lífsskilyrði.

- **Umsagnir og umræður um breytingu á lögum nr 85/2007 um veitingastaði, og skemmtanahald.**
- Samband Íslenskra Sveitarfélaga umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði, veitingastaði án áfengisveitinga nr 85/2007
- **Umsögn SHÍ varðandi hávaða vegna framkvæmda í íbúðabyggð og miðsvæðum í þéttbýli.**

Eftirlit mál 5 - N1

- Úrbótaáætlun hefur verið lögð fram sem miðar að úrbótum til 2019

Eftirlit mál 6 - Sparkaup, Bolungarvík

Úrbótaáætlun hefur borist sem miðar að því ljúka úrbótum fyrir 1. maí.

Eftirlit mál 7- Eftirlit með móttökustöð úrgangs í Engidal.

- Skýringar lagðar fram og áætlað magn brotajárns 700 tonn en ekki yfir 1000 tonn.

9. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004

um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Vesturbyggð	Deildskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	Deildskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjarðarbær	Deildskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi
650914-0740	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Bolungarvík	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjarðarbær	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjarðarbær	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjarðarbær	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Súðavíkurreppur	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Bolungarvík	Heilsugæslustöðvar
650914-0740-	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Vesturbyggð	Heilsugæslustöðvar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
590116-3000-	IVH ehf	Strandabyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
440787-2589	Endurvinnslustöðin á Reykhólum	Reykhólahreppur	Endurvinnsla úrgangs
250181-3379-	Svampur Sveinbjörns	Bolungarvík	Bón- og bílaþvottur, handvirk

10. Tækifærisleyfi

Heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

<u>Heiti</u>	<u>Ábyrgðarmaður</u>	<u>Staðsetning</u>	<u>Tímasetning</u>
Stútungur	Kristín Pétursdóttir	Flateyri	6. -7 febrúar
Samkomuhúsið Baldur	Einar Unnsteinsson	Drangsnes	30-31. janúar
Félagsheimilið Hólmavík	Ragnheiður Ingimundardóttir	Hólmavík	30-31. janúar
Áttahagafélag Slétturhreppinga	Inga S Ólafsdóttir	Hnífsdal	30-31. janúar
Félagsheimili Tálknafjarðar	Indriði Indriðason	Tálknafirði	30-31. janúar
Oddfellowhúsið	Jakob Tryggvason	Ísafjörður	6-7. febrúar

11. Brennuleyfi

Heilbrigðiseftirlit hefur veitt eftirfarandi brennuleyfi:

<u>Brennuleyfi</u>	<u>Ábyrgðarmaður</u>	<u>Dagsetning</u>
Súðavíkurhreppur	Garðar Sigurgeirsson	31.12 2015
Reykholahreppur	Hjalti Hafþórsson	31.12 2015
Tálknafjarðarhreppur	Indriði Indriðason	31.12 2015
Drangsnes	Ingólfur Árni Haraldsson	31.12 2015
Garðstaðir	Þorbjörn Þorbjörnsson	2.1 2016

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgefin leyfi.

Ábending vegna brennu að Garðsstöðum. kynnt

12. Önnur mál

- Notkun á þörungasamfélagi til að meta vatnsgæði í ám Gunnar Steinn Jónsson Kynnt.
- Hlynur fór á eftirlitsráðstefnu matvælaeftirlits í Kaupmannahöfn 26. -27. janúar 2016 kynnt
- Minnisblað FSÍ ábyrgð sveitarféaga vegna mengunaróhappa
- Húsnæðismál Kynnt.
- Kynnt: Lagalegt gildi bréfs sem er í eftirlitshandbók UST er ekkert.

13. Fundadagsetningar 2016:

- 1. fundur 12. febrúar Ársreikningur
- 2. fundur 8. apríl Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
- 3. fundur 10. júní Fundur í Vesturbyggð um sumarverkefni
- 4. fundur 2. september Fundur í Strandabyggð um sumarverkefni
- 5. fundur 28. október Fjárhagsáætlun.
- 6. fundur 9. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:40